

Ed.

768. Nefndarálit

[165. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum sínum og leitað álits fræðslumálastjóra og rektors menntaskólans í Reykjavík, er komu á fundi nefndarinnar. Einnig var á fundi með nefndinni stjórn Landssambands framhaldsskólakennara.

Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu frv. Vill meiri hl. (RÞ, HV og FRV) fella það, en við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt, þar sem það, ef að lögum verður, er aðeins heimild fyrir ríkisstjórnina. Treystum við því, að ríkisstjórnin láti athuga rækilega, áður en til framkvæmda kemur, hvern kostnað slíkt fyrirkomulag hefur í för með sér. Enn fremur verði athugað, hvort fjölgun sú í skólunum tveimur, sem þar er ráðgerð, sé nokkuð varhugaverð frá heilbrigðislegu sjónarmiði.

Alþingi, 2. marz 1951.

Þorst. Þorsteinsson, Sig. Óli Ólafsson.
form., frsm.